



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 30. maí 2022

2205023SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um tillög til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun árin 2022-2036, 563. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 18. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsáætlunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022 – 2036.

Með tillögunni er sett fram framtíðarsýn og meginmarkmið og lykilviðfangsefni skilgreind. Þá eru skilgreind markmið, áherslur og mælikvarðar og kveðið á um samstarf lykilaðila til að tryggja framkvæmd og samhæfingu við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Að lokum er sett fram aðgerðaáætlun þar sem skilgreindar eru 43 aðgerðir sem ætlað er að ná markmiðum stefnunnar.

Sambandið hefur átt afar gott samstarf við ráðuneyti byggðamála, einstaka fagráðuneyti sem og Byggðastofnun um mótun þeirra tillagna sem settar eru fram í áætluninni. Þá hefur heilt yfir verið brugðist við þeim athugasemdum sem sambandið hafði á fyrri stigum.

Samstarf þvert á ráðuneyti ásamt sterkri aðkomu sveitarstjórnarstigsins hefur skilað auknum gæðum við mótun tillögunnar sem og markvissari eftirfylgd með núverandi stefnu. Þá er framsetning áætlunarinnar skýr og að áliti sambandsins eru tillögur almennt raunhæfar og í ágætu samhengi við aðra stefnumótun stjórnvalda sem og áherslur sambandsins í byggðamálum.

Samband Íslenskra sveitarfélaga leggur mikla áherslu á að ályktunin verði samþykkt á vörþingi svo hægt sé að hinda í framkvæmd þeim fjölmörgu mikilvægu verkefnum sem þar eru tiltekin.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri